

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 31 í máli nr. E-4965/2005:

Ker hf.

(Kristinn Hallgrímsson hrl.)

Olíuverslun Íslands hf.

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Skeljungur hf.

(Hörður Felix Harðarson hrl.)

gegn

Samkeppniseftirlitinu og

íslenska ríkinu

(Heimir Örn Herbertsson hrl.)

Með stefnum birtum 29. júní, 27. júlí og 28. júlí 2005 höfðu Ker hf., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, Olíuverslun Íslands hf., Sundagörðum 2, Reykjavík og Skeljungur hf., Hólmaslóð 8, Reykjavík mál á hendur Samkeppniseftirlitinu, Rauðarárstíg 10, Reykjavík og íslenska ríkinu, Arnarhváli v/ Lindargötu, Reykjavík. Í þinghaldi 28. febrúar 2006 voru málin sameinuð. Dómkröfur stefnenda í stefnum málsins eru sambærilegar. Á hendur Samkeppniseftirlitnu er þess krafist aðallega að felldur verði úr gildi úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2004, en til vara að felldar verði úr gildi stjórnvaldssektir er stefnendum var gert að greiða eða þeim breytt til lækkunar. Á hendur íslenska ríkinu er gerð krafa um endurgreiðslu á stjórnvaldssektunum eða þeim fjárhæðum er dómstóllinn ákvarðar. Þá er krafist málskostnaðar. Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar.

Í þinghaldi í málinu 16. janúar 2007 lögðu stefnendur fram hver sína matsgerð, þ.e. dskj. 79, 80 og 81. Hinn 19. mars sl. lagði lögmaður stefndu fram yfirmatsbeiðni, dskj. 82, og matsbeiðni, dskj. 83. Af hálfu stefnenda er óskað eftir fresti til að fara yfir og taka afstöðu til yfirmatsbeiðninnar og matsbeiðninnar. Í þinghaldi 14. júní sl. lögðu lögmennt stefnenda hver um sig fram bókanir, þ.e. dskj. 84, 85 og 86 þar sem þeir krefjast þess að matsgerðunum verði hafnað. Málinu var frestað til 27. ágúst sl. til þess að gefa lögmonnum kost á því að tjá sig um ágreiningsefnið og var það tekið til úrskurðar þann dag.

Í þessum þætti málsins liggur fyrir að taka afstöðu til tveggja beiðna stefndu, hér eftir nefndir matsbeiðendur. Annars vegar um dómkvaðningu tveggja og óvilhallra matsmanna, sbr. dskj. 83 og hins vegar um dómkvaðningu þriggja hæfra og óvilhallra yfirmatsmanna, sbr. dskj. 82 og mótmæla stefnenda, hér eftir nefndir matsþolar, við því.

Eftirfarandi kröfur er gerðar í þessum þætti málsins:

Matsþoli, Ker hf., krefst þess aðallega að héraðsdómari hafni báðum mats beiðnum Samkeppniseftirlitsins og íslenska ríkisins, sbr. dskj. 82 og 83 í núverandi horfi, þar sem þær gangi í berhögg við meginreglu réttarfars um munnlegan mál flutning og einnig er sjálfstætt krafist höfnunar yfirmatsbeiðninnar þar sem hún feli ekki í sér endurmat undirmatsgerðar stefnanda Kers hf. samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála, en til vara að héraðsdómari úrskurði að farið skuli með yfirmatsbeiðnina sem nýja undirmatsbeiðni. Krafist er málskostnaðar.

Matsþolar, Olíuverslun Íslands hf. og Skeljungur hf., krefjast þess „að skjölum þeim sem stefndu hafa lagt fram undir heitunum beiðni um dómkvaðningu matsmanna og beiðni um dómkvaðningu yfirmatsmanna, verði hafnað“. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Matsbeiðendur, Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið, krefjast þess að kröfum matsþola um að hafnað verði matsbeiðnum sem matsbeiðendur lögðu fram 19. mars sl. verði hrundið. Málskostnaðar er krafist in solidum að mati dómsins.

Matsþolar halda því aðallega fram að báðar beiðnirnar gangi í berhögg við meginreglur einkamálaréttarfars um munnlegan málflutning. Í beiðnunum séu settar fram fjölmargar fullyrðingar og málsástæður með tilvísun til gagna og fræðiritar og um skriflegan málflutning sé að ræða. Þá sé framsetningin tvinnuð saman við spurningar sem ætlunin sé að leggja fyrir matsmenn. Þá telja þeir spurningar til matsmanna vera óljósar og ekki tækar til mats. Varðandi beiðnina um dómkvaðningu yfirmatsmanna sérstaklega taka matsþolar fram að beiðnin sé ekki í samræmi við 64. gr. laga um meðferð einkamála, þ.e. að í yfirmati eigi að endurmeta sömu atriði og undirmatsgerðin tók til. Þá taka matsþolar fram að matsbeiðnirnar hafi ekki sönnunargildi í málinu eða þýðingu fyrir málið að öðru leyti. Lögmaður matsþola, Olíuverslunar Íslands hf. og Skeljungs hf., tók fram að með kröfugerð sinni væri ekki bara átt við að hafnað væri að dómkveðja matsmennina, heldur einnig að matsbeiðnirnar væru inni í málinu, því þar væri um skriflegan málflutning að ræða.

Matsbeiðendur taka fram í upphafi að skilja beri dómkröfuna svo að hún taki bæði til þeirrar dómkröfu matsþola að dómkjölin fái ekki lögð fram, sem og þess að matsmenn verði ekki dómkvaddir samkvæmt þeim. Matsbeiðendur taka fram að matsgerðirnar hafi þegar verið lagðar fram. Þeir hafna því að matsbeiðnirnar séu ekki í samræmi við ákvæði laga um meðferð einkamála og að um skriflegan málflutning sé að ræða. Ástæða þess að matsbeiðnirnar séu langar eru þær að um flókið mál sé að ræða. Þá telur matsbeiðandi að yfirmatsbeiðnin sé í samræmi við 64. gr. laga um meðferð einkamála og einungis sé verið að óska yfirmats á þeim atriðum sem tiltekin eru í fyrirbyggjandi matsgerðum.

Niðurstaða.

Skv. 1. mgr. 61. gr. laga um meðferð einkamála skal í beiðni koma skýrlega fram hvað eigi að meta, hvar það sé sem meta á og hvað aðili hyggist sanna með matinu. Þótt fyrirbyggjandi beiðnir séu í löngu máli, þá eru þær skýrlega settar fram og matsspurningar koma skýrlega fram. Að mati dómsins er framsetning beiðnanna ekki með þeim hætti að tækt sé að hafna dómkvaðningunni.

Skv. 64. gr. laga um meðferð einkamála er hægt að krefjast yfirmats þar sem tekin verða til endurmats þau atriði sem þegar hafa verið metin. Í málinu liggja fyrir þrjár matsgerðir, ein fyrir hvern matsþola. Matsbeiðandi hefur ákveðið að krefjast yfirmats í einni matsgerð og verður ekki séð, eins og málsatvikum er háttað, að það sé í andstöðu við ákvæði laga um meðferð einkamála. Af hálfu matsþola hefur ekki verið bent á nein þau atriði þar sem yfirmatsbeiðnin er ekki í samræmi við fyrirbyggjandi matsgerðir. Því eru ekki efni til annars en að hafna kröfum matsþola í málinu.

Vegna kröfugerðar lögmanns Olíuverslunarinnar hf. og Skeljungs hf. er áréttað að hinar umræddu matsbeiðnir voru lagðar fram í þinghaldi 19. mars sl. Þá var þeim ekki mótmælt heldur „óskað eftir fresti til að fara yfir og taka afstöðu til yfirmatsbeiðni og matsbeiðni“. Matsbeiðnirnar eru því hluti af dóm skjölum málsins.

Eftir þessari niðurstöðu ber matsþolum in solidum að greiða matsbeiðendum 100.000 kr. í málskostnað.

Af hálfu Kers hf. flutti málið Jóhanna Krístrún Birgisdóttir hdl.

Af hálfu Olíuverslunar Íslands hf. og Skeljungs hf. flutti málið Gísli Baldur Garðarsson hrl.

Af hálfu matsbeiðenda flutti málið Heimir Örn Herbersson hrl.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umbeðnar dómkvaðningar skulu fara fram.

Matsþolar, Ker hf., Olíuverslun Íslands hf. og Skeljungur hf. greiða matsbeiðendum 100.000 kr. í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir

